

Lýsingar á lykilmarkmiðum Ríkisendurskoðunar 2012–2015

	Markmið	Lýsing
Þjónusta	Alþingi, stjórnvöld og almenningur bera traust til Ríkisendurskoðunar	Ríkisendurskoðun ávinnur sér traust með því að ástunda fagleg vinnubrögð, veita áreiðanlegar, tímanlegar og óhlutdrægar upplýsingar um starfsemi ríkisins.
	Endurskoða ríkisreikning	Stofnunin endurskoðar og áritar ríkisreikning og ársreikninga ríkisstofnana. Kannar hvort rekstur ríkisstofnana er innan heimilda fjárlaga og fjáráukalaga, hvort þær fari að lögum og reglum og sinni hlutverki sínu í samræmi við sett markmið.
	Meta og stuðla að hagkvæmni og árangri í ríkisrekstri	Stofnunin veitir aðhald með því að kanna skilvirkni, hagkvæmni og árangur ríkisaðila og benda á raunhæfar leiðir til úrbóta.
Verklag	Öflug upplýsingamiðlun	Ríkisendurskoðun veitir upplýsingar sem auðvelda Alþingi og ríkisaðilum að gegna hlutverki sínu. Miðlar upplýsingum á markvissan hátt til fjölmíðla og almennings.
	Öflugt gæðaeftirlit	Stofnunin viðhefur öflugt gæðaeftirlit sem stuðlar að gæðum og fagmennsku.
	Markviss verkefnastjórnun	Stofnunin beitir aðferðum verkefnastjórnunar sem m.a. stuðla að vönduðum endurskoðunaráætlunum, skýrri afmörkun verkefna og ábyrgð þeirra sem að verki koma.
	Áhættugrunað verkefnaval	Verkefnaval stofnunarinnar byggir á áhættumati og tekur mið af mikilvægi verkefna og fjárhagslegum ávinningi.
Mannauður	Öflug liðsheid	Ríkisendurskoðun stuðlar að öflugu samstarfi, góðum starfsanda og því að starfsmenn beri virðingu hver fyrir öðrum. Leggur áherslu á þverfaglegt starf og upplýsingamiðlun innan og milli sviða og deilda.
	Frumkvæði og metnaður	Stofnunin leitast við að laða að og halda í starfsfólk sem er metnaðarfullt og vandvirkt, metur frumkvæði starfsmanna mikils og vill að þeir þróist í starfi. Starfsfólk sýnir sveigjanleika í störfum sínum og bregst fljótt og vel við aðkallandi verkefnum.
	Markviss starfsþjálfun	Stofnunin sér til þess að nýliðar fái nauðsynlega leiðsögn og þjálfun. Það sama á við þegar starfsmaður tekur við nýju verkefni. Stofnunin tryggir starfsfólki endurmenntun og þjálfun til að efla sig í starfi.
	Gott starfsumhverfi	Stofnunin sýnir starfsfólki sveigjanleika hvað varðar verkefni, vinnutíma, orlofstöku og vinnu heima við sérstakar aðstæður. Veitir starfsfólki góðan aðbúnað og þjónustu við hug- og tækjabúnað og aðgengi að viðeigandi upplýsingum.
Fjármál	Rekstur í samræmi við fjárheimildir	Ríkisendurskoðun viðhefur góða fjármálastjórn og starfar innan fjárheimilda.
	Kostnaðarvitund	Stofnunin tryggir að rekstur sé hagkvæmur, verkefni séu unnin innan áætlana og hagsýni sé gætt í innkaupum.